

Efni: Samningahópur um sjávarútvegsmál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um sjávarútvegsmál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 13 (Sjávarútvegsmál). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Samkvæmt álitni meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) skulu eftirtalin meginmarkmið, sem lúta að forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi, sett í samningaviðræðunum:

- Forræði á stjórn veiða og skiptingu aflaheimilda innan íslenskrar efnahagslögsögu sem byggð er á ráðgjöf íslenskra vísindamanna;
- eins víðtækt forsvar í hagsmunagæslu í sjávarútvegi á alþjóðavettvangi og kostur er, þegar málefni lýtur að íslenskum hagsmunum;
- haldið verði í möguleika á að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegi í samvinnu við samningahóp II um EES mál sem fjallar um frjálsa fjármagnsflutninga og fjárfestingar;
- skýr aðkoma Íslendinga verði að mótun sjávarútvegsstefnu ESB og
- framlag sjávarútvegsins til efnahagslífsins haldist óbreytt.

Þá skulu samningahópur EES II og samningahópur um sjávarútvegsmál hafa með sér samráð að því er varðar fjárfestingar í sjávarútvegi og nýtingu sjávarspendýra.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Kolbeinn Árnason hefur verið skipaður formaður samningahópsins, en auk hans munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópunum: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Nýsköpunarmiðstöð. Þá er fyrirséð að í samningahópi verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi skipstjórnamanna, Félagi vélstjóra og málmtæknimanna, Sjómannasambandi Íslands, Samtökum fiskframleiðenda og útflytjenda, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum atvinnulífsins, Landssambandi smábátaeigenda og fulltrúa fiskmarkaða.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.